

Mál nr. 44/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 28. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags 18. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 19. febrúar 2025.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að 29. nóvember 2024 var bifreiðinni A ekið inn í hlið bifreiðarinnar B, sem M ók. Ekki er ágreiningur um að A hafi átt sök á árekstrinum. Í málskotinu er byggt á því að við áreksturinn hafi M orðið fyrir líkamstjóni. Byggir M á því að hún hafi hlotið högg hægra megin á háls. Daginn eftir hafi hún svo farið að finna fyrir auknum stífleika og smávegis dofa frá hálsi og niður öxl. Hafi hún þá hringt á Læknavaktina, þar sem hjúkrunarfræðingur hafi skráð framangreint niður, og ráðlagt sér að fá skoðun hjá lækni. Skoðun hjá heimilislækni 2. desember 2024 hafi leitt í ljós aukinn stífleika í hálsi og öxl hægra megin, minni mátt í hægri handlegg og að mögulega sé fyrrnefndur dofi merki um tognun eða vægt brjós-klos sem lagist eftir um 3-6 mánuði. Hafi lækinn ráðlagt M að fara í sjúkrannsókn og sjúkrabjálfun. Einnig hafi hann skrifað áverkavottorð. Einnig liggi fyrir í málinu vottorð frá heilsugæslulækni, dags. 15. janúar 2025, þar sem segir að eftir slysið 29. nóvember 2024 hafi M verið með verki og stífleika í hálsi sem leiði niður bak og út í hægri öxl þegar verst lætur. Undir liðnum niðurstaða í vottorðinu segir að M sé með eymsli í vöðvafestum í hnakka og sjalvöðva (Trapezius) hægra megin.

Með bréfi, dags. 8. janúar 2025, hafnaði V bótaskyldu með þeim rökum að M hafi ekki tekist að sanna að slysið 29. nóvember 2024 hafi valdið henni varanlegum afleiðingum. Í því sambandi bendir V á að það sé ekki nægilegt til sönnunar um orsakatengsl milli atburðar og líkamstjóns að hugsanlega geti verið um slík tengsl að ræða, heldur þurfi að vera nokkuð víst og í öllu falli meiri líkur en minni fyrir því að orsakatengsl séu fyrir hendi. Telur V að heilsufarslegar upplýsingar í málinu séu þess eðlis að M hafi ekki tekist að sanna orsakatengslin. Í bréfinu vísar V einnig til fyrirliggjandi PC-crash skýrslu þar sem komi fram að um svokallaðan lágorku árekstur hafi verið að ræða. Í athugasemdum til nefndarinnar, dags. 18. febrúar 2025, ítrekar V framangreind rök. Þá bendir V þar m.a. einnig á að í málskoti sé vísað til þess að M eigi fyrri sögu um stífleika í öxlum. Auk þessa telur V að niðurstöður í fyrirliggjandi PC-crash skýrslu bendi til þess að nánast ekkert högg hafi orðið við áreksturinn og að rannsóknir hafi sýnt fram á að lágorkuárekstrar eins og um hafi verið að ræða í tilviki M, séu almennt ekki til þess fallnir að valda varanlegu líkamstjóni.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 19. febrúar 2025, er framangreindum rökum V mótmælt. Þá byggir M m.a. á því að þó hún hafi fyrir einhverjum árum verið stíf í öxlum þá sé það algerlega ótengt þeim áverkum sem hún hafi hlotið við áreksturinn 29. nóvember 2024. Bendi M á að í fyrirliggjandi vottorðum komi fram að hún hafi tognað á hálsi í því slysi.

Álit.

V hefur fallist á að ef það telst sannað að M hafi orðið fyrir tjóni af völdum slyssins 29. nóvember 2024 þá eigi hún rétt á að fá tjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu A. V telur hins vegar að M hafi ekki tekist að sanna að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna árekstursins. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M hér sönnunarbyrðina, þ.e. bótaréttur M byggir á því að henni takist að sanna að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni.

Fyrirliggjandi er samskiptaseðill frá heilsugæslu, dags. 30. nóvember 2024, þar sem fram kemur að M ræddi við hjúkrunarfræðing í síma þann dag. Kemur fram að M hafi farið að finna fyrir höfuðverk og

stífleika í hálsi að kvöldi slysdags. Við komu til læknis 2. desember 2024 er skráð að við skoðun sé M stíf og aum viðkomu á occipital sinafestum og aum við þreyfingu hægra megin á sjalvöðva. Engin eymsli séu í öxl og M sé með fulla hreyfigetu í hálslið en það taki aðeins í við lat. tilt. bilag. Full hreyfigeta sé um öxl án verkja og symmetrískir kraftar í öxlum og höndum. Þá sé enginn dofi til staðar. Telur læknirinn að um sé að ræða stoðkerfisverk eftir bílslys en ekki er grunur um brjósklos. Einnig liggur fyrir í málinu vottorð frá heilsugæslulækni, dags. 15. janúar 2025, þar sem segir að eftir slysið 29. nóvember 2024 hafi M verið með verki og stífleika í hálsi sem leiði niður bak og út í hægri öxl þegar verst lætur. Undir liðnum niðurstaða í vottorðinu segir að M sé með eymsli í vöðvafestum í hnakka og sjalvöðva (Trapezius) hægra megin.

Í málskoti segir m.a.: „Ég hef ekki verið að takast á við stífleika í öxlum síðustu 2 árin, að minnsta kosti.“ Þrátt fyrir þessa yfirlýsingu M er ekki að finna í málinu nein gögn um fyrra heilsufar hennar.

Eins og að framan greinir eru fyrirbyggjandi upplýsingar um heilsufar M fremur af skörnum skammti og duga ekki að mati nefndarinnar til þess að það teljist sannað að rekja megi þau heilsufarslegu einkenni sem M kvartar yfir í dag til árekstursins. Af heildstæðri skoðun gagna málsins er það því mat nefndarinnar M hafi ekki tekist að sanna orsakatengsl milli árekstursins 29. nóvember 2024 og þeirra einkenna. Hér ber M sönnunarbyrðina. Sú staðreynd að það liggja í raun ekki fyrir í málinu upplýsingar um fyrra heilsufar M, hefur áhrif á framangreint mat nefndarinnar. M hefur því ekki lagt fram nein þau gögn sem gætu sýnt fram á að einkenni þau sem um er deilt verði ekki að hluta eða fullu rakin til fyrri sjúkdóma eða slysa M. V hefur staðfest að M eigi rétt á að fá sannað tjón sitt af völdum árekstursins bætt. Framangreind niðurstaða leiðir hins vegar til þess að nefndin telur að M hafi ekki tekist að sanna að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu ökutækis A hjá V.

Reykjavík, 6. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir